

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn í Reykjavík fallist á að heimila almenna umferð í báðar áttir um gatnamót Túngötu og Aðalstrætis.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. desember 2005.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 547, 27. maí 2005, um togveiðar á kolmunna 2005.

1. gr.

Í stað „590 þús. lestir“ í 2. málslíð 1. gr. komi: 270 þús. lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

---

*Jón B. Jónasson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005